

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> BN	<b>Fundur nr. :</b>	
<b>Fundarritari:</b> MI	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Brynjar Níelsson (BN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Anna Guðlaug Nielsen (AN) Gunnar Björn Helgason (GH)	<b>Dagsetning:</b>	19.2. 2025
	<b>Frá kl.:</b>	18:00
	<b>Til kl.:</b>	19:00
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>World Bridge Tour</u> Mótið heppnaðist mjög vel og var almenn ánægja með mótið. BSI ber kostnað sem nemur um 2,5 milljónir af mótinu en á móti kemur að BSI fær 4 pláss til að selja. Einnig styrkir þetta mót Reykjavík Rapyd Bridgefestival þar sem margir góðir spilarar spila bæði mótin. Stjórn sammála að halda áfram samstarfi við WBT sem hefur verið mjög gott.
3	<u>Reykjavík Rapyd Bridgefestival</u> Það voru 90 sveitir og 140 pör sem spiluðu á hátíðinni. Öll framkvæmd gekk mjög vel og var okkur til sóma. Heildartekjur með styrkjum fyrir alla vikuna voru um 13,4 milljónir en kostnaður rúmlega 11 milljónir þannig að hagnaður var af vikunni sem nemur rúmum 2 milljónum. Á næsta ári er norska deildarkeppnin á sömu helgi og er verið að vinna í því að fá norska sambandið til að færa mótið um eina helgi. Eins er verið að vinna í því að fá fleiri hollenska spilara á næsta ári. En hægt er að vaxa upp í c.a. 100 sveitir án þess að leggja í mikinn auka kostnað vegna húsaleigu.
4	<u>Reksturinn</u> Reksturinn er heldur betri en áætun, ekkert óvænt hefur komið upp og tekjur verið í samræmi við áætlun. Við erum þó að fara í þróun á tölvukerfinu og tengingar við magic sem mun auka kostnað nokkuð á árinu en án þess að reksturinn fari í mínus. Peningastaðan er mjög góð sem stendur og er BSI skuldlaust nema sem nemur hefðbundnum rekstrarkostnaði sem ekki er kominn á eindaga. Staða BSÍ er mjög góð og reksturinn er að ganga vel. Búið er að fjárfesta töluvert í búnaði og er ekki neitt aðkallandi, þó mætti mála húsnæðið að innan og ljóst er að uppsöfnuð viðhaldspörf er á húsinu að utan. Það þarf þó að finna fleiri samstarfsaðila meðal fyrirtækja til að styrkja grunnreksturinn.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5	<p><u>Mót framundan</u></p> <p>Íslandsmótið í tvímenning er 28. febrúar-1. mars. Vonir standa til að það verði fleiri en 25 pör sem taki þátt. En stjórnarmenn þurfa að vera duglegir að láta vita af mótinu.</p> <p>Íslandsmót kvenna í sveitakeppni er 15. mars, ekki hefur verið nægur áhugi á mótinu undanfarin ár og eru ekki margar skráningar komnar núna. Rætt um að breyta fyrirkomulaginu þannig að það verði bara spilað einn dag til að auka áhuga og fjölga spilurum. Framkvæmdastjóra falið að heyra í mótanefnd varðandi útfærslu.</p>
6	<p><u>Norðurlandamót</u></p> <p>Vinna gengur vel við undirbúning. Búið er að fá Aleksander Krych og Kuba Kasprzak til að sjá um keppnisstjórn. Kerfið sem verður notað er Tournament calculator sem er sama kerfi og var notað á WBT. Rætt um að leita til áhugafólks um Bridge um að vinna á mótinu eða aðstoða með einhverjum hætti. Áætlað er að tap af mótinu verði sem nemur um 1 milljón auk þess sem BSI mun bera kostnað vegna gistingar, mótsgjalda og fæðis fyrir íslenska spilara.</p>
7	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Rætt um að í keppnisreglugerð komi fram að ekki sé heimilt að neyta áfengis á meðan á móti stendur á Íslandsmótum BSÍ. Mikilvægt er að fá keppnisstjóra til að fylgja þessu eftir. Eins er þess virði að taka þetta mál upp á ársþingi til umræðu.</p>